

Heimildanotkun fyrir fornfræðinema

Hér er að finna örfá atriði um notkun og skráningu heimilda, sem nemendur geta haft við hendina við ritgerðaskrif. Þessi samantekt er *engan veginn tæmandi*.

I. Hvenær á að vísa í heimildir?

Það *verður* að vísa í heimild þegar maður notar beina tilvitnun í texta sínum en **líka** þegar maður setur fram sjónarmið/hugmynd/kenningu/tilgátu/túlkun/röksemdafærslu sem einhver annar en maður sjálfur fann upp á.

Ef tilvísun í heimild vantar þar sem viðeigandi er að hafa hana, þá hefur maður gerst sekur um *ritstuld*. Ritstuldur (e. plagiarism) er ekki einungis það að stela orðalagi eða nota óbreytt orðalag úr texta annarra án þess að merkja með tilvitnanamerkjum (og vísa í heimild), heldur er það einnig ritstuldur að setja fram *hugmyndir* annarra líkt og þær væru manns eigin. Hafa ber í huga að ritstuldur getur orðið til af gáleysi og þarf ekki að vera af ásetningu. Gerist maður sekur um ritstuld breytir það engu hvort maður ætlaði að gera það eða ekki — ritstuldur er eftir sem áður ritstuldur.

Athuga ber einnig að það er ekki nóg að breyta orðalagi smávægilega til þess að sleppa tilvitnanamerkjum, jafnvel þótt vísað sé í heimild. Annaðhvort skal vitna beint í óbreytt orðalag eða nota alfarið sitt eigið orðalag.

Það þarf ekki að vísa í heimild fyrir alkunnum staðreyndum. Það er hægt að stela hugmyndum en það er ekki hægt að stela staðreyndum. En gæta verður þess að það sem við fyrstu sýn virðist vera staðreynd er ef til vill þegar öllu er á botninn hvolft bara tilgáta eða túlkun einhvers og lítt kunnar staðreyndir geta líka verið mjög háðar hugmyndavinnu annarra.

II. Hvernig virka vísanir í heimildir?

Það eru til mörg kerfi sem staðla útlit tilvísana í heimildir (t.d. APA-kerfið, Chicago-kerfið (sem einnig er nefnt Turabian-kerfið), Harvard-kerfið, MLA-kerfið, Oxford-kerfið, Vancouver-kerfið). Chicago og Oxford-kerfin bjóða bæði upp á ákveðið val og fjölbreytileika og eru sennilega algengust í klassískum fræðum en reyndar hafa mörg tímarit og margir ritstjórar sína eigin staðla, sem fara ekki nákvæmlega eftir neinu þessara kerfa. Stundum er heimildum raðað í heimildaskrá og svo vísað í heimildirnar sem þar eru eftir því sem við á, annaðhvort í neðanmálgreinum eða aftanmálgreinum eða jafnvel innan sviga í meginmáli ritgerðarinnar. Stundum er engin heimildaskrá en í staðinn eru einungis neðan- eða aftanmálgreinar; þá eru allar upplýsingar um heimildina settar í neðanmálgreinina í fyrsta skiptið sem heimildin er notuð og svo stytt tilvísun í heimildina í næstu neðanmálgrein ef hún kemur fyrir aftur, t.d. einungis nafn höfundar og titill (jafnvel styttur titill).

Aðalatriðið er auðvitað að vísa þannig í heimildina að lesandinn geti fundið í fyrsta lagi nánari upplýsingar um hana í heimildaskránni (ef heimildaskrá er notuð) og í öðru lagi geti hann út frá þeim upplýsingum sem gefnar eru í heimildaskránni og í tilvísuninni fundið sjálfa heimildina (t.d. á bókasafni). Lesandinn þarf einnig að geta fundið rétta staðinn í heimildinni, t.d. rétta blaðsíðu í bók. Ef skráning heimilda og vísun í þær gerðu lesandanum ekki kleift að gera þetta, þá væri eiginlega tilgangslaust að vísa í heimildir. Til þess að hægt sé að finna heimildina sem vísað er í þurfa allar nauðsynlegar upplýsingar um heimildina að koma fram, framsetningin þarf að vera skýr og nákvæm og það þarf að vera sjálfum sér samkvæmur.

Sum atriði eru meira eða minna alltaf eins í (næstum) öllum kerfum, alltént þeim sem kæmu til álita í hugvísindum:

- Í heimildaskrá er heimildum raðað í stafrófsröð eftir eftirnafni erlendra höfunda (en eigin nafni íslenskra höfunda).
- Ef höfundar er ekki getið kemur yfirleitt ritstjórinn í stað höfundarins sem sá sem skrifaður er fyrir heimildinni í heimildaskránni. En ef bæði höfundar og ritstjóra er getið er höfundur í fyrirrúmi en ritstjórans getið á eftir titlinum.
- Titlar bóka og heiti tímarita og dagblaða eru skáletruð.
- Titlar tímaritsgreina og kafla í bókum eru hafðir innan gæsalappa.

Svona gæti stutt heimildaskrá litið út:

DÆMI 1

- Bok, Sissela. *Exploring Happiness: From Aristotle to Brain Science*. New Haven: Yale University Press, 2010.
- Brickhouse, Thomas C. og Nicholas D. Smith. *Plato's Socrates*. Oxford: Oxford University Press, 1994.
- Denniston, John D. *The Greek Particles*. Oxford: Oxford University Press, 1934, 2. útg. 1954.
- Evans, Nancy. *Civic Rites: Democracy and Religion in Ancient Athens*. Los Angeles: University of California Press, 2010.
- Inwood, Brad (ritstj.). *The Cambridge Companion to the Stoics*. Cambridge: Cambridge University Press, 2003.
- Lewis, Sian. *Greek Tyranny*. Exeter: Bristol Phoenix Press, 2009.
- Turner, James. *Philology: The Forgotten Origins of the Modern Humanities*. Princeton: Princeton University Press, 2014.
- Vilhjálmur Árnason. *Broddflugur: Siðferðilegar ádeilur og samfélagsgagnrýni*. Ritryrt af Geir Sigurðssyni. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997.

En hún hefði einnig getað litið svona út:

DÆMI 2

- Bok, Sissela. 2010. *Exploring Happiness: From Aristotle to Brain Science*. New Haven: Yale University Press.
- Brickhouse, Thomas C. og Nicholas D. Smith. 1994. *Plato's Socrates*. Oxford: Oxford University Press.
- Denniston, John D. 1954. *The Greek Particles*. 2. útg. Oxford: Oxford University Press.
- Evans, Nancy. 2010. *Civic Rites: Democracy and Religion in Ancient Athens*. Los Angeles: University of California Press.
- Inwood, Brad. (ritstj.). 2003. *The Cambridge Companion to the Stoics*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Lewis, Sian. 2009. *Greek Tyranny*. Exeter: Bristol Phoenix Press.
- Turner, James. 2014. *Philology: The Forgotten Origins of the Modern Humanities*. Princeton: Princeton University Press.
- Vilhjálmur Árnason. 1997. *Broddflugur: Siðferðilegar ádeilur og samfélagsgagnrýni*. Ritstýrt af Geir Sigurðssyni. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Báðar þessar skrár fylgja Chicago-kerfinu, hvor sínu afbrigðinu. Það er út af fyrir sig ekki aðalatriði hvort ártalið kemur á eftir nafni höfundar eða ekki. Það er ekki aðalatriði hvort það er svigi utan um ártalið eða útgáfustað og útgefanda eða ekki. Þessi atriði eru ekki náttúrulögmál, heldur breytileg frá einu kerfi til annars. En það skiptir máli að vera sjálfum sér samkvæmur og gera alltaf eins! (Og að sjálf sögðu ber að fara eftir þeim fyrirmælum sem gefin eru hverju sinni, hver svo sem þau eru.)

Mörgum þykir viðeigandi að tilvísunin til heimildarinnar í neðanmálgreinni hafi nafn höfundar og titil verks ef heimildaskráin lítur út eins og í dæmi 1 að ofan en hafi nafn höfundar og ártal ef heimildaskráin lítur út eins og í dæmi 2 að ofan. Í raun er það þó smekksatriði en ekki lögmál. En hér eru margir heitir í trúnni. Chicago-kerfið, sem leyfir bæði afbrigðin, notar höfund og ártal þegar vísað er til heimildar sem er í heimildaskránni í sviga í meginmáli en notar höfund og titil þegar vísað er til heimildar sem er í heimildaskránni í neðanmálgrein (og ef einungis eru notaðar neðanmálgreinar en engin heimildaskrá). Alla jafna gerir Oxford-kerfið, sem einnig leyfir sömu afbrigði, að þannig sé farið að. Þó er ekki óþekkt að kerfi séu löguð að þörfum höfundar eða útgefanda, t.d. að vísað sé til höfundar og ártals í neðanmálgreinum.

Takið eftir að ef um ritstýrt verk er að ræða er ritstjórinn auðkenndur með (ritstj.) á eftir nafni sínu í heimildaskránni (sbr. Inwood að ofan). Eðlilegt er að þessar og aðrar sams konar upplýsingar séu á íslensku, t.d. „3. útg.“ en ekki „3. ed.“ og „þýð.“ en ekki „transl.“ o.s.frv. (nema auðvitað ef ritgerðin ykkar er öll á ensku eða öðru tungumáli.) Takið einnig eftir að ef ritstýrt verk er án höfundar kemur ritstjórinn í stað höfundarins sem sá sem skrifaður er fyrir heimildinni í heimildaskránni. (Stundum er það ekki gert.) En ef bæði höfundar og ritstjóra er getið, þá er höfundurinn skrifaður fyrir verkinu og ritstjórans getið á eftir titlinum (sbr. Vilhjálm Árnason í dæmunum að ofan). Ef hvorki höfundur né ritstjóri er þekktur væri viðeigandi að merkja heimildina ókunnum höfundi, t.d. Höf. ókunnur, *Titill verksins*. Reykjavík, Mál og menning, 2003.

Takið einnig eftir að ef höfundar eru tveir eða fleiri (sbr. Brickhouse og Smith hér að ofan) nægir að raða fyrri (eða fyrsta) höfundi eftir eftirnafni sínu í heimildaskránni vegna þess að einungis hans nafn hefur áhrif á hvar heimildin lendir í stafrófsröðinni. (Í þessu tilviki er heimildinni raðað á eftir Bok og undan Evans af því að eftirnafn fyrsta höfundar hefst á Br en nafn annars höfundar, þ.e. Smith, hefur engin áhrif á hvar heimildin er í stafrófsröðinni. Þess vegna er óþarfi að skrifa „Brickhouse, Thomas C. og Smith, Nicholas D.“ og þar fram eftir götunum.)

Í heimildaskránum hér að ofan eru einungis bækur. Bækur tilheyra oft ritröðum en þótt stundum sé ritraðarinnar getið í heimildaskrá er það þó sjaldnast gert og sennilega óþarfi. Sum kerfi sleppa líka útgefandanum en halda til haga útgáfustað. Það er skrítið. Ef lesandi þarf að finna eintak af bók sem nefnd er í heimildaskrá og hann veit að hún kom út hjá Oxford University Press (en veit ekki hvar hún var prentuð) er hann þó líklegri til að finna hana heldur en ef hann veit að hún kom út í New York-borg en veit ekki hver gaf hana út.

Í heimildaskránum hér að ofan er ekki tekið fram blaðsíðutal enda er það almennt ekki gert í heimildaskránni þegar um bækur er að ræða. Í staðinn nægir að geta blaðsíðutals þegar vísað er í heimildina; þá er lesandanum sagt hvar í bókinni upplýsingarnar er að finna hverju sinni þegar í hana er vísað. Hins vegar horfir málið öðruvísi við þegar um tímaritsgreinar og bókarkafla er að ræða en þá er venjan að geta blaðsíðutals (fyrstu og síðustu blaðsíðu) í heimildaskránni.

Svona gæti heimildaskrá með greinum og bókarköflum litið út:

DÆMI 3

Bett, Richard. „Aristocles on Timon on Pyrrho: The Text, Its Logic and its Credibility“. Í *Oxford Studies in Ancient Philosophy* 12 (1994a): 137–181.

Bett, Richard. „What Did Pyrrho Think about the ‘Nature of the Divine and the Good’?“. Í *Phronesis* 39 (1994b): 303–337.

Döring, Klaus. „The Students of Socrates“. Í *The Cambridge Companion to Socrates*, ritstýrt af Donald R. Morrison, 24–47. Cambridge: Cambridge University Press, 2011

Stopper, M.R. „Schizzi Pirroniani“. Í *Phronesis* 28 (1983): 265–297.

Svavarsson, Svavar Hrafn. „Pyrrho’s Dogmatic Nature“. Í *Classical Quarterly* 52 (1) (2002): 248–256.

Zanker, Andreas Th. og Geir Thorarinnsson. „The Meanings of «Meaning» and Reception Studies.“ Í *Materiali e discussioni per l’analisi dei testi classici* 67 (2011): 9–19.

Hér er Svavar Hrafn skráður eftir föðurnafni sínu líkt og hann væri erlendur höfundur. Það er vegna þess að þetta er ekki heimild á íslensku en þó er vafamál hvernig fara skal með röð íslenskra nafna. Aftur á móti fær Geir Þórarinnsson ekki að halda þ í föðurnafni sínu af því að í heimildinni sjálfri er nafnið ritað með Th og til þess að finna heimildina þarf að leita að nafninu þannig en ekki með Þ.

Titlar greina og bókarkafla eru hafðir innan gæsalappa (munið að hafa íslenskar gæsalappir — þ.e. „ — í íslenskum texta). Heiti tímarita og bóka eru skáletruð. Ef um tímaritsgrein er að ræða (sbr. t.d. Stopper í dæminu hér að ofan) fylgja síðan upplýsingar

um árgang, stundum einnig hefti ef hver árgangur er gefinn út í nokkrum heftum á ári (sbr. Svavar Hrafn Svavarsson í dæminu hér að ofan), þá ártal í sviga, svo tvípunktur og blaðsíðutal fyrstu og síðustu blaðsíðu.

Takið eftir hvernig vandinn er leystur þegar sami höfundur hefur birt fleiri en eina grein á sama ári. Í heimildaskránni hér að ofan á Richard Bett tvær greinar sem birtust sama ár. Þá er augljóslega ekki hægt að segja lesandanum í neðanmálsgrein að skoða Bett (1994) því lesandinn getur ekki vitað hvora greinina er vísað í. Til að leysa þetta er greinunum gefinn bókstafur með ártalinu, þ.e. (1994a) og (1994b). Þá er hægt að segja í neðanmálsgrein án þess að hætta sé á ruglingi: „Bett (1994b) heldur því fram að ...“

Ef um bókarkafla er að ræða (sbr. t.d. Döring hér að ofan) koma á eftir heiti kaflans upplýsingar um titil bókar, því næst um ritstjóra (sem er annaðhvort auðkenndur með „(ritstj.)“ á eftir nafni sínu eða eins og í dæminu hér að ofan í kjölfarið á orðinum „ritstýrt af“ en þá þarf líka að beygja nafnið í þágufalli ef það er hægt), þá blaðsíðutal fyrstu og síðustu blaðsíðu og svo útgáfustaður, útgefandi og ártal. Ef fleiri en einn kafli úr sömu ritstýrðu bókinni eru í heimildaskránni nægir að hafa sér færslu fyrir ritstýrðu bókina og sleppa fullum bókfræðilegum upplýsingum á eftir hverjum kafla. Dæmi:

Í staðinn fyrir:

DÆMI 4

Döring, Klaus. „The Students of Socrates“. Í *The Cambridge Companion to Socrates*, ritstýrt af Donald R. Morrison, 24–47. Cambridge: Cambridge University Press, 2011
McPherran, Mark L. „Socratic Religion“. Í *The Cambridge Companion to Socrates*, ritstýrt af Donald R. Morrison, 111–137. Cambridge: Cambridge University Press, 2011
Ober, Josiah. „Socrates and Democratic Athens“. Í *The Cambridge Companion to Socrates*, ritstýrt af Donald R. Morrison, 138–178. Cambridge: Cambridge University Press, 2011

Mætti hafa:

DÆMI 5

Döring, Klaus. „The Students of Socrates“. Í Morrison (2011): 24–47.
McPherran, Mark L. „Socratic Religion“. Í Morrison (2011): 111–137.
Morrison, Donald R. (ritstj.), *The Cambridge Companion to Socrates*. Cambridge: Cambridge University Press, 2011.
Ober, Josiah. „Socrates and Democratic Athens“. Í Morrison (2011): 138–178.

Hér fékk sem sagt Morrison sérstaka færslu í heimildaskránni fyrir ritið *The Cambridge Companion to Socrates*. Í stað þess að endurtaka allar upplýsingar um það rit í hvert sinn sem kafli í bókinni fær færslu nægir hjá hverjum kafla að vísa í Morrison í heimildaskránni. Hér í dæmi 5 er valið að vísa í Morrison með nafni og ártali til að sýna hvað millitilvísunin getur stytt hverja flettu mikið. Eins og áður hefur komið fram þykir sumum óviðeigandi að vísa í höfund og ártal nema flettan í heimildaskránni sé sett upp þannig að beint á eftir nafni höfundar (eða ritstjóra eins og í þessu dæmi) komi ártalið.

Þess ber að geta að flestum ber saman um að það sé viðeigandi að hafa einungis í heimildaskrá heimildir sem vísað er í. Með öðrum orðum ætti engin heimild að vera í heimildaskránni ef hvergi er vísað í hana í ritgerðinni. Þó eru til dæmi um slíkt en þá ætti yfirskriftin að vera „Heimildir og ítarefni“ eða „Heimildir og frekara lesefni“ eða álíka. Það er ekki gert ráð fyrir þessum möguleika í öllum heimildakerfum. Aftur á móti getur komið fyrir að vísað sé til heimilda sem eru *ekki* í heimildaskránni, þ.e.a.s. stundum þegar vísað er til fornra heimilda.

Venjur um tilvísanir í forna höfunda eru aðeins öðruvísi en þær venjur sem ríkja um tilvísanir í nútímahöfunda og um þessar sérstöku venjur fornfræðinnar er ekki fjallað í *Handbók um ritun og frágang* og flestum sambærilegum ritum. Samt er gert ráð fyrir slíkum sérvenjum í flestum heimildakerfum, til dæmi í Chicago- og Oxford-kerfunum. Hér skal bent á að besti leiðarvísirinn um hinar ýmsu venjur fornfræðinnar og undirgreina hennar er David M. Schaps, *Handbook for Classical Research* (London: Routledge, 2010) en þar er fjallað um mikið meira en bara tilvísanir til heimilda.

Um tilvísanir til fornra höfunda ber fyrst að nefna að oftast dugar að vísa í rit fornmannanna *án þess að hafa þau í heimildaskrá* enda gæti það verið vandkvæðum bundið. Tökum dæmi af tilvísun í Platon:

DÆMI 6

Í 4. bók *Ríkisins* færir Platon rök fyrir því að réttlæti sé heilbrigði sálarinnar.¹ Um þau rök hefur margt verið skrifað.²

¹ Platon, *Ríkið* 444C.

² Sjá t.d. Reeve (1988): 162–7.

Í dæminu hér að ofan er neðanmálsgrein sem vísar í *Ríkið* eftir Platon til að styðja fullyrðinguna í meginmálinu. Nú vill svo til að þetta er fullnægjandi tilvísun, það er ekki þörf á neinu til viðbótar og það þarf ekki að setja heimildina í heimildaskrá enda ekki vísað í neina tiltekna útgáfu eða þýðingu textans til að ræða eða nota orðalag hennar. Ef orðalag tiltekinnar þýðingar væri notað, t.a.m. í beinni tilvitnun, eða orðalag tiltekinnar textaútgáfu væri til umfjöllunar, svo sem í handritafræðilegri umfjöllun eða ef vafi leikur á réttum texta, þá væri vitaskuld annað uppi á teningnum. En hér er einungis vísað til þess sem segir efnislega á þessum stað í ritinu. Næsta neðanmálsgrein á eftir er hins vegar ekki fullnægjandi ein og sér heldur verður að setja þá heimild í heimildaskrá. Ef við setjum nú upp heimildaskrá gæti hún litið svona:

Reeve, C.D.C. *Philosopher-Kings: The Argument of Plato's Republic* (Indianapolis: Hackett, 1988).

Nú getur lesandinn fundið nánari upplýsingar um heimildina sem neðanmálsgrein 2 vísar á í heimildaskránni og þar eru nægar upplýsingar um hana til þess að lesandinn

geti enn fremur fundið heimildina sjálfa á bókasafni og flett upp á blaðsíðu 162 eins og neðanmálgrein 2 bendir lesanda á að gera.

En við myndum *ekki* setja eftirfarandi í heimildaskrá:

Platon. *Ríkið* (Aþena: Akademían, ca. 370 f.Kr.).

Þetta væri augljóslega fráleitt og tilgangslaust því þetta hjálpar lesandanum alls ekki við að finna heimildina á bókasafni eða annars staðar til að fletta í henni. En við gætum aftur á móti sett eftirfarandi:

Platon. *Ríkið*. 2. útgáfa. Eyjólfur Kjalar Emilsson (þýð.) (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997).

Og það er viðeigandi að gera það ef við erum að fjalla um eða vitna beint í íslensku þýðinguna, t.d. ef við styðjumst við eða fjöllum um orðalagið í þeirri þýðingu. En vandinn við að vísa annars á blaðsíðu 351 í fyrri bindi íslensku þýðingarinnar (í stað þess að vísa bara á *Ríkið* 444C) er sá að þá getur enginn flett upp staðnum sem vísað er í nema hafa þessa tilteknu þýðingu við höndina. Það sem við viljum er að segja lesandanum hvar í Platoni þessi staður er en ekki endilega hvar í íslensku þýðingunni hann er. Þess vegna hefur myndast sú hefð að vísa ekki í tiltekna þýðingar fornra texta nema nauðsyn krefji. Í staðinn eru staðlaðar kaflaskiptingar eða spássíutölur sem segja okkur hvar við erum í textanum óháð blaðsíðutali þeirrar þýðingar sem við höfum í höndunum. Til dæmis eru spássíutölurnar fyrir samræður Platons upphaflega blaðsíðutalið úr útgáfu Henricusar Stephanusar á verkum Platons frá 1578; þannig að á blaðsíðu 351 í fyrri bindi íslensku þýðingarinnar á *Ríkinu* er nú að finna á spássíunni merkinguna 444C sem merkir að þetta er sá staður í textanum sem var á blaðsíðu 444 (um miðja síðuna) í útgáfu Stephanusar. Þessi sama spássíumerking er núna á spássíu meira eða minna allra þýðinga og í öllum útgáfum af gríska textanum til að auðvelda fólki að finna rétta staðinn óháð því hvaða útgáfu það hefur í höndunum. Í ensku þýðingunni sem Penguin gefur út gæti 444C til dæmis verið á blaðsíðu 238 en lesandinn sem hefur þá þýðingu í höndunum getur líka fundið rétta staðinn í henni út frá neðanmálgrein 1 í dæmi 6 hér að ofan.

Af þessum sökum nægja upplýsingarnar í neðanmálgrein 1 í dæminu að ofan til að vísa lesandanum á réttan stað og því er óþarfi að bæta inn fleiri upplýsingum í heimildaskrá. Og það vill svo til að flestöll heimildakerfi (s.s. APA, Chicago og Oxford) leyfa þetta og gera jafnvel ráð fyrir þessu.

En neðanmálgreinin hefði einnig getað litið svona út:

Pl., R. 444C.

Hér er „Pl.“ stöðluð skammstöfun á nafni Platons og „R.“ stöðluð skammstöfun á titli *Ríkisins* á latínu: *Res publica*. Í fornfræði er venjan nefnilega sú að vísa alltaf í rit fornmannanna með latneskum titli — óháð því hvort um grískan eða rómverkan höfund er að ræða. Undantekningar eru titlar þeirra rita sem eru ekki til í handritum heldur hafa fundist á pappýrus-brotum seint á 19. öld og á 20. öld. Enn fremur er verk þeirra höfunda,

sem einungis eru varðveitt í brotum, venjulega að finna í einhverju ritstýrðu brotasafni, svo sem *Die Fragmente der Vorsokratiker* (DK), sem kennt er við Diels og Kranz, eða *Die Fragmente der griechischen Historiker* (FGrHist), sem ritstýrt var af Felix Jacoby. Um allt þetta er téður Schaps (*Handbook for Classical Research*) langbesti inngangurinn fyrir byrjendur (og stundum einnig lengra komna).

Lista yfir allar staðlaðar skammstafanir er að finna annars vegar fremst í H.G. Liddell og R. Scott, *A Greek-English Lexicon* endursk. útg. (Oxford: Clarendon Press, 1996) fyrir gríska höfunda og hins vegar fremst í P.G.W. Glare (ritstj.), *Oxford Latin Dictionary* (Oxford: Clarendon Press, 1996) fyrir rómverska höfunda. Einnig má notast við sambærilega lista yfir staðlaðar skammstafanir fremst í Charlton Thomas Lewis, *A Latin Dictionary founded on Andrew's edition of Freund's Latin Dictionary* (Oxford: Clarendon Press, 2002) og Simon Hornblower og Antony Spawforth (ritstj.), *The Oxford Classical Dictionary*, 3. útg. (Oxford: Oxford University Press, 1999). Í sumum tilvikum getur verið smávægilegur munur á skammstöfununum. Ef við fylgum til dæmis *The Oxford Classical Dictionary* myndi tilvísunin hér að ofan líta svona út:

Pl., Resp. 444C.

Þessi mismunur gerir ekkert til að því gefnu að maður sé sjálfum sér samkvæmur í notkun skammstafana.

III. Aðrar venjur

Stundum eru notaðar latneskar skammstafanir við skráningu heimilda. Nemendur ráða því sjálfir hvort þeir gera það. Hér eru nokkrar algengar skammstafanir og þýðing þeirra:

Cf.	<i>Confer</i>	samanber
Ibid.	<i>Ibidem</i>	á sama stað
Id. / ead.	<i>Idem / eadem</i>	sami / sama
Loc. cit.	<i>Loco citato</i>	á staðnum sem vísað var til
Op. cit.	<i>Opere citato / opus citatum</i>	í verkinu sem vísað var til
Passim	<i>Passim</i> (óskammstafað)	alls staðar / úti um allt
S.v.	<i>Sub voce</i>	undir yfirskriftinni

Cf. er stytting á „confer“ sem er boðháttur sagnarinnar „confero“, að bera saman. Þessi skammstöfun er notuð til að kynna heimild sem er gagnstæð annarri heimild eða því sem fram kemur í ritgerðinni. Hún merkir ekki „sjá“ þótt hún sé stundum ranglega notuð þannig (ef til vill frekar „sjá þó“, „sbr. þó“ eða eitthvað slíkt).

Ibidem þýðir orðrétt „þarna á sama stað“. Skammstöfunin *ibid.* er notuð í stað þess að endurtaka nákvæmlega sömu upplýsingar og í síðustu neðanmálgrein. Dæmi:

Í næsta kafla bókar sinnar gerir Noriega-Olmos grein fyrir kenningu Aristótelesar um viðfang hugsunar.¹ Hann telur að munur sé á kenningu Aristótelesar í *Um sálina* annars vegar og hins vegar í *Um túlkun*.²

¹ Noriega-Olmos, *Aristotle's Psychology of Signification*, 91 o.áfr.

² *Ibid.*

Hér er vísað á blaðsíðu 91 í riti Noriega-Olmos sem heitir *Aristotle's Psychology of Signification*, ýtarlegri upplýsingar um það yrði væntanlega að finna í heimildaskrá, s.s. upplýsingar um útgefanda og útgáfuár. Í næstu neðanmálgrein er aftur vísað í sama höfund, sömu bók og sömu blaðsíðu með því að skrifa „*Ibid.*“ Til þess að vísa í sama höfund og rit en á annan stað í ritinu mætti láta blaðsíðutal fylgja *ibid.*, t.d. *ibid.* 29. Takið eftir að það er aldrei hægt að nota *ibid.* ef önnur tilvísun kemur á milli því *ibid.* vísar aldrei nema á síðastnefndu heimildina. (Í dæminu hér er sú heimild Noriega-Olmos, *Aristotle's Psychology of Signification*.)

Id. eða *ead.* þýðir *sami* eða *sama* og er meðal annars notuð til að vísa til sama höfundar en annars rits. Orðmyndin *idem* er í karlkyni en *eadem* í kvenkyni. Dæmi:

Harriet Flower ræðir ítarlega um upphaf *damnatio memoriae* hjá Rómverjum á lýðveldistímanum.¹ Hún hefur einnig fjallað nokkuð um margvíslega erfiðleika lýðveldistímans.²

¹ Flower, *The Art of Forgetting*, 42 o. áfr.

² *Ead.*, *Roman Republics*, 80 o. áfr.

Hér er vísað á blaðsíðu 42 í riti Flower sem heitir *The Art of Forgetting: Disgrace and Oblivion in Roman Political Culture* og eins og í dæminu að ofan má gera ráð fyrir að ýtarlegri upplýsingar um það yrði að finna í heimildaskrá. Titillinn er stytur í tilvísuninni. Í næstu neðanmálgrein er hins vegar vísað á blaðsíðu 34 í öðru riti eftir sama höfund. Af því að höfundur er kona er skammstöfunin *ead.* en ekki *id.*

Loc. cit. er notuð til að vísa til áður nefnds staðar í riti en *op. cit.* er notuð til þess að vísa til áður nefnds rits. Ólíkt *ibid.* þurfa þær ekki að vísa til sama rits eða sama staðar og í síðastnefndu heimildinni. Með öðrum orðum getur komið tilvísun til annars höfundar inn á milli og svo aftur til áður nefnds rits eða staðar og þá fylgir *op. cit.* eða *loc. cit.* nafni þess höfundar sem er endurtekið.

S.v. er notuð til að vísa til staða í uppfléttiritum með því að vísa til fyrirsagnar en ekki til að mynda blaðsíðu. Dæmi:

Pelópsskagastríðið var mannskæðasta stríð Grikkja á klassískum tíma.¹

¹ Um Pelópsskagastríðið má lesa í S. Hornblower og A. Spawforth (ritstj.), *The Oxford Classical Dictionary* s.v. „Greece (prehistory and history)“.

Hér er vísað á grein í alfræðiriti með því að segja lesandanum hver fyrirsögnin er; lesandinn ætti að geta fundið staðinn auðveldlega án blaðsíðutals af því að í alfræðiritum og öðrum uppfléttiritum er greinum eða efnisatriðum raðað í stafrófsröð. Ef höfundar greina í uppfléttiritinu eru nafngreindir (eins og í *Oxford Classical Dictionary*) kemur alveg til greina að vísa í greinina með nafni höfundar. En í sumum uppfléttiritum er það ekki hægt, t.d. í *The Penguin Dictionary of Classical Mythology*.

Athugið að þegar latínu er slett, annaðhvort í skammstöfunum á borð við þær sem hér hafa verið nefndar eða einstökum orðum eða frösom, þá er hún venjulega skáletruð. Dæmi: „Þeir höfðu *de facto* lýst yfir stríði.“ Þó eru sumar latneskar skammstafanir svo tíðar í t.d. ensku að farið er með þau eins og hvert annað enskt orð (t.d. skammstafanirnar e.g., etc. og i.e.)

IV. Hvernig á að vísa í heimildir?

Í námskeiðum í klassískum málum og klassískum fræðum við Háskóla Íslands er ætlast til að nemendur fari eftir Chicago-kerfinu, taki heimildir sínar saman í heimildaskrá og vísi í þær með viðeigandi hætti í neðanmálsgreinum þegar við á. Fara skal að fyrirmælunum sem hér fylgja en að öðru leyti skv. því sem lýst er að ofan.

1. Notið heimildaskrá. Raðið heimildum í stafrófsröð eftir eftirnafni höfundar (eða fyrsta höfundar) en eigin nafni íslenskra höfunda (a.m.k. ef heimildin er á íslensku).
2. Haldið nöfnum höfunda í heimildaskránni stafrétt eins og þau koma fyrir í heimildinni ykkar.
3. Notið tölusettar neðanmálsgreinar til að vísa í heimildirnar í heimildaskránni.
4. Hafið ekki aðrar heimildir í heimildaskránni en þær sem vísað er til í ritgerðinni.
5. Vísa má til fleiri en einnar heimildar í hverri neðanmálsgrein.
6. Neðanmálsgreinar má einnig nota til frekari umræðu.

a. Nútímaheimildir (í heimildaskrá)

7. Skáletrið bókartitla. Undirtitlar eru aðgreindir með tvípunkti. Þar á eftir koma útgáfustaður, útgefandi og útgáfuár. Tvípunktur er hafður eftir útgáfustað, komma á eftir útgefanda; annars eru punktar notaðir til að aðgreina liði, s.s. á eftir höfundi og á eftir bókartitli.

8. Setjið gæsalappir utan um titla bókarkafla og tímaritsgreina.
9. Skáletrið heiti tímarita. Á eftir heiti tímarits kemur árgangur, þá komma og tölublað, svo komma og númer heftis (ef það á við) og svo ártal (innan sviga), tvípunktur og blaðsíðutal fyrstu og síðustu blaðsíðu greinar.
10. Bókarkafli svipar til tímaritsgreinar nema í stað heitis tímarits er tilgreindur ritstjóri og svo bókfræðilegar upplýsingar bókar (sbr. lið 6 að ofan).

Sýnidæmi:

1) Bók (einn höfundur)

Heimildaskrá: Warrior, Valerie M. *Roman Religion*. Cambridge: Cambridge University Press, 2006.
Tilvísun: Warrior, *Roman Religion*, 42.

2) Bók (margir höfundar)

Heimildaskrá: Hopkins, Keith og Mary Beard. *The Colosseum*. Cambridge, MA: Harvard University Press, 2005.
Tilvísun: Hopkins og Beard, *The Colosseum*, 42.

3) Bók (þýðing)

Heimildaskrá: Leonhardt, Jürgen. *Latin: Story of a World Language*. Þýtt af Kenneth Kronenberg. Cambridge, MA: Harvard University Press, 2013.
Tilvísun: Leonhardt, *Latin: Story of a World Language*, 42.

4) Bók (ritstýrt verk)

Heimildaskrá: Shapiro, H.A., ritstj. *The Cambridge Companion to Archaic Greece*. Cambridge: Cambridge University Press, 2007.
Tilvísun: Shapiro, *The Cambridge Companion to Archaic Greece*.

5) Ritstjóri auk höfundar

Heimildaskrá: Vilhjálmur Árnason. *Broddflugur: Siðferðilegar ádeilur og samfélagsgagnrýni*. Ritstýrt af Geir Sigurðssyni. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997.
Tilvísun: Vilhjálmur Árnason, *Broddflugur*.

6) Bókarkafli

Heimildaskrá: Loraux, Nicole. „Herakles: The Super-Male and the Feminine“. Í *Before Sexuality: The Construction of Erotic Experience in the Ancient Greek World*, ritstýrt af David M. Halperin, John J. Winkler og Froma I. Zeitlin, 21–52. Princeton: Princeton University Press, 1990.
Tilvísun: Loraux, „Heracles“, 42.

7) Tímaritsgrein

Heimildaskrá: Feldherr, A. „Viewing Myth and History on the Shield of Aeneas“, *Classical Antiquity* 33, nr. 2 (2014): 281–318.
Tilvísun: Feldher, „Viewing Myth and History“, 298.

V. Gagnlegir tenglar

Chicago leiðbeiningar
<https://vefir.hi.is/chicagoleidbeiningar>

Jón Gunnar Þorsteinsson og Þorsteinn Vilhjálmsson. „Hvað er ritstuldur?“. *Vísindavefurinn* 25.7.2005. <http://visindavefur.is/?id=5154>. (Skoðað 17.9.2010).

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Heimildaleit:
<http://landsbokasafn.is/index.php/bokasafnid/safnfradsla-2/heimildaleit>

Ritver Háskóla Íslands
<https://ritver.hi.is>